

Reykjavík 18. júní 2015

Alþingi við Austurvöll  
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um stöðugleikaskatt, mál nr. 786, og breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki (slitameðferð fjármálafyrirtækja), mál nr. 787.**


Vísað er til óskar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn Íslandsbanka um frumvarp til laga um stöðugleikaskatt, mál nr. 786, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, mál nr. 787. Þar sem frumvörpin tengjast með beinum eða óbeinum hætti því samkomulagi sem fyrir liggur, eða stefnt er að, milli ríkisins og helstu kröfuhafa þrotabúa gömlu bankanna, sendir Íslandsbanki umsögn sína um bæði frumvörp í einu erindi.

Íslandsbanki lítur niðurstöðu samkomulags um stöðugleikaskilyrði sem sett eru eða verða, fyrir samþykkt nauðasamninga, jákvæðum augum og telur um að ræða jákvætt skref í átt að afnámi fjármagnshafta.

Íslandsbanki gerir ekki athugasemdir við einstaka greinar í fyrrnefndum frumvörpum og telur þau almennt vera í samræmi við fyrrgreint samkomulag við kröfuhafa og tilgang sinn að öðru leyti. Íslandsbanki vill hins vegar árétta að íslensk fjármálafyrirtæki telja sig hafa fyrirheit stjórnvalda um endurskoðun á skattlagningu fjármálafyrirtækja í kjölfar þeirra aðgerða sem boðaðar eru með frumvörpunum. Er það mat Íslandsbanka að sérstök skattlagning á fjármálafyrirtæki, eins og verið hefur undanfarin ár, eigi ekki lengur rétt á sér ef ríkissjóður hefur af boðuðum aðgerðum þær tekjur sem nefndar hafa verið. Sérstakur skattur hefur verið lagður á fjármálafyrirtæki með þeim rökum að með því sé ríkissjóði (samfélaginu) að hluta bætt það tjón sem hlaut af fjármálaáfallinu árið 2008. Telja verður að með þeim tekjum sem munu berast ríkissjóði, beint eða óbeint, við framkvæmd stöðugleikasamkomulags og/eða í kjölfar innheimtu stöðugleikaskatts, hafi ríkissjóður að mestu eða öllu leyti endurheimt það tjón sem af falli fjármálakerfisins hlaut og sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki sé því ekki lengur réttlætanlegur. Slík skattlagning skekkir enda samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja og eykur kostnað við alla innlenda fjármálaþjónustu.

Íslandsbanki vill jafnframt hvetja til þess að þegar opnað verður fyrir fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða erlendis, með kaupum á erlendum gjaldeyri fyrir krónur, verði jafnframt litið til fjárfestingarheimilda annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar en lífeyrissjóða, þ.e. banka, verðbréfafyrirtækja, sparissjóða og líftryggingarfélagaga, en ætla verður að þessir vörsluaðilar þurfi í fjárfestingum sínum að dreifa áhættu sinni til jafns við almenna lífeyrissjóði. Enda kynni, fengju almennir lífeyrissjóðir einir slíka heimild, að vera um mismunun að ræða milli þeirra sem fela almennum lífeyrissjóðum vörslu séreignasparnaðar og þeirra sem fela öðrum vörsluaðilum vörslu séreignasparnaðar síns.

Virðingarfyllt,



Ingvar Örn Sighvatsson, hdl.  
Íslandsbanki, Lögfræðideild